Neistinn



Fréttabréf styrktarfélags hjartveikra barna. 1. tbl. 4. árg. 2007

Efnisyfirlit

2 Efnisyfirlit og fréttir
3 Pistill formanns
4 Tilviljun að eignast tvö börn með hjartagalla
6 Tvö ömmuhjartabörn
8 Og þá var kátt í Keiluhöllinni
9 Viðburðadagatal Neistans 2007
10 Rokkað fyrir hjartað
12 Eiður Smári Guðjohnsen
13 Samstarf í litlum heimi
16 Halló, ég er hér! Ekki gleyma mér!
18 Erfiðast að fólk skilur ekki hvað það er erfitt að eiga langveikt systkini
20 Þú hlýtur að vera Brynjar
22 Reynsla mín sem stóra systir hjartveiks barns

- Útgefandi: Neistinn – Styrktarfélag hjartveikra barna.
- Ritstjóri: Páll Kristinn Pálsson.
  Netfang: pallkristinn@internet.is.
- Ábyrgðarmaður: Guðrún Bergmann Franzdóttir.
- Umbrot: hskj/Öflun.
- Forsíðumynd: Gunnar Gunnarsson.
- Prentun: Prenttækni ehf.
- Heimilisfang: Síðumúla 6, 108 Reykjavík.
  Sími 552-5744, www.neistinn.is - neistinn@neistinn.is.

Fréttir

Kraftvélar styrkja aftur Neistann

Önnur jólin í röð ákváðu forsvarsmenn fyrirtækisins Kraftvéla ehf. að styrkveiting þess til góðs málefnis í stað útsendingar jólakorta rynni til Neistans. Ævar Þorsteinsson framkvæmdastjóri Kraftvéla ehf. afhenti styrkinn, sem nemur 250.000 krónum, í jólahlaðborði fyrirtækisins í desember. Fulltrúar Neistans voru Guðný Sigurðardóttir, gjaldkeri, og Guðrún Bergmann Franzdóttir formaður. Þeim til aðstoðar var dóttir Guðrúnar, hjartastelpan hún Anney Birta Jóhannesdóttir.

Neistinn gefur Barnaspítalanum

Neistinn afhenti nýlega Hjartateymi Barnaspítala Hringsins að gjöf tvær Seca 835 stafrænar vigtir af nýjustu gerð, sem vigta allt að 50 kílóum, ásamt einni mjaltavél af gerðinni Medela. Gunnlaugur Sigfússon barnahjartalæknir veitti gjöfunum viðtöku frá þeim Guðrúnu Bergmann Franzdóttur og Gróu Jónsdóttur úr stjórn Neistans. Við vitum að þessi tæki eiga eftir að koma að góðum notum.

Pistill formanns

Hrós til allra sem eiga það skilið!

Misjafnt er hvernig fólk lítur á lífið. Það getur verið mjög flókið og því miður þurfum við oftast að lenda í einhverju til að átta okkur á hvað við eigum og höfum. Við sem eigum langveik börn vitum að lífið gengur út á svo margt annað en dauða hluti. Við getum oftast ekki tekið þátt í lífsgæðakapphlaupinu, eða höfum ekki áhuga á því, enda um svo margt annað að hugsa þegar börnin okkar eru veik.

Öll þurfum við þó peninga til að komast af og langar mig að nota tækifærið til að þakka þeim fyrirtækjum sem styðja við bakið á fjölskyldum langveikra barna. Þá þurfa foreldrar oft að vera mjög lengi frá vinnu, veikindaréttindin renna út, en samt sjá sum fyrirtæki sér fært að borga laun þeirra áfram, eða styðja jafnvel við bakið á sínum starfsmönnum með öðrum hætti, vegna getu sinnar og góðmennsku.

Svo eru því miður líka til fyrirtæki sem sjá sér engan veginn fært að styðja á nokkurn hátt við bakið á starfsfólki sínu. Því er þá jafnvel sagt upp vinnunni, sem mér þykir afar sorglegt, því þegar slíkt bætist ofan á allt það sem undan er gengið getur það alveg farið með fólk.

Mér finnst því þau fyrirtæki, sem styðja starfsfólk sitt þegar á bjátar hjá því, eiga mikið hrós skilið. Mér finnst reyndar líka að þeim sem eiga það skilið sé alltof sjaldan hrósað.

Þessu tölublaði Neistans fylgir veglegt plakat af einum ástsælasta íþróttamanni þjóðarinnar fyrr og síðar, knattspyrnustjörnunni Eiði Smára Guðjohnsen, fyrirliða íslenska landsliðsins og leikmanni Barcelona á Spáni.

Við njótum þess heiðurs að Eiður Smári er opinber verndari samtaka okkar og erum afar þakklát fyrir það. Hann gerði auglýsingasamningi við Eimskip í byrjun ársins og hluti af þeim samning felur í sér að fyrirtækið styrkir Neistann um 500 þúsund krónur í hvert sinn sem hann skorar mark í spænsku deildinni. Samningurinn gildir til 1. júlí í ár, og á meðan teljast Eimskip vera okkar aðal styrktaraðili. Plakatið er á vissan hátt tákn fyrir þetta samstarf Eiðs Smára og Eimskips og er enn ein gjöf fyrirtækisins til Neistans á þessu ári.

Hjartansþakkir fyrir það.

Hjá okkur í Neistanum er ávallt eitthvað skemmtilegt að ske. Við byrjuðum árið á bíóferð í boði Laugarásbíós á jólamynd þeirra. Mætingin var alveg frábær hjá okkar fólki, eða um það bil 100 manns.

Unglingarnir okkar skelltu sér svo í keilu í febrúar og skemmtu sér alveg konunglega. Við hefðum gjarnan viljað sjá fleiri þarna, en við erum reyndar nýbyrjuð með sérstakt unglingastarf og það tekur tíma að ná til allra. Það verður spennandi að fylgjast með vexti unglingastarfsins á næstu misserum, en því er stjórnað af Björgvini Sigurðssyni, 21 árs hjartabarni, og Söndru Franks. Ég veit að margt skemmtilegt er framundan hjá þeim á dagskránni, til að mynda óvissuferð.

Sumarhátíðin okkar verður á svipuðum tíma og stað og síðasta sumar, en við auglýsum hana nánar síðar.

Enn og aftur vil ég þakka félagsmönnum Neistans fyrir frábæra þátttöku í síðustu uppákomum okkar. Við hlökkum til að sjá ykkur öll aftur á næstu uppákomum.

Hjartanskveðjur,
Guðrún Bergmann Franzdóttir.

Gott málefni þarfnast fjármagns

Neistinn er styrktarfélag hjartveikra barna og aðstandenda þeirra. Starfsemin gengur bæði út á að veita þeim félagslegan stuðning og fjárhagslega styrki eftir mætti, þar sem langvinn veikindi koma oft verulega niður á fjárhagsafkomu heimilanna.

Fjáröflun er því stór þáttur í starfi Neistans og fer fram með ýmsum hætti. En hægt er að styrkja starfið beint með framlagi á reikning okkar í Landsbankanum. Reikningsnúmerið er 0101-26-4995 og kennitala Neistans 490695-2309.

Neistinn hefur einnig tekjur af sölu minningarkorta, sem afgreidd eru á skrifstofu Hjartaheilla í síma 552 5744.

Tilviljun að eignast tvö börn með hjartagalla

Viðtal: Páll Kristinn Pálsson

Hjónin Gróa Jónsdóttir og Jóhann Grétarsson eiga fjögur börn. Tvö þeirra eru það sem við köllum hjartabörn. Vandamál þeirra hafa þó verið gjörólík, eins og ég komst að þegar ég heimsótti þau eina kvöldstund í febrúar síðastliðnum.

Gróa: Við eignuðumst fyrst Ármann, sem er ekki hjartabarn. Svo fæddist Guðný, en hennar hjartagalli kom ekki í ljós fyrr en hún var fimm mánaða gömul.
Jóhann: Enda var hann ekki eins alvarlegur og við áttum síðar eftir að kynnast hjá Jakobi. Útheimti minniháttar aðgerð sem var afgreidd hérna heima.
Gróa: Já, fósturæðin lokaðist ekki og Hróðmar læknir framkvæmdi aðgerðina. Hún gekk mjög vel og olli litlu raski fyrir fjölskylduna.
Jóhann: Við litum aldrei á Guðnýju sem eitthvert hjartabarn, það var ekki fyrr en með fæðingu Jakobs Levís að maður fór að spá í að hún flokkaðist líka sem slíkt.
Gróa: Eftir Guðnýju eignuðumst við Aron Örn, þá voru liðin fjögur ár frá aðgerð hennar og við vorum ekkert smeyk um að eitthvað amaði að honum, hugsuðum hreinlega ekki út í það. Svo liðu ellefu ár og þá eignuðumst við Jakob Leví. Fyrir fæðinguna hafði ekkert verið athugað hvort hann gæti verið hjartabarn og maður leiddi hugann ekkert að slíku.
Jóhann: Enda höfðu læknarnir sagt að þetta væri ekki arfgengt eða eitthvað slíkt. Það er bara tilviljun að þetta skuli koma fyrir í sömu fjölskyldu, tvö börn með meðfæddan hjartagalla.

Og það var sem sagt heilmikið að hjá honum?

Gróa: Já, hann fæddist með þrennskonar galla, fyrir það fyrsta sneri allt eiginlega öfugt í honum, æðarnar sem liggja niður í hjartahólfin höfðu víxlast, og það þurfti að víxla þeim til baka. Sem var vandamál því önnur æðin var svo þröng að það var ekki hægt að nota hana og þurfti að skipta um hana. Svo hann er með æð úr öðru barni inni í sér, sem þarf svo að skipta um aftur síðar, og það fer alveg eftir því hvernig gengur með þessa hvenær það verður gert.

Komu þessir gallar í ljós um leið og Jakob fæddist?

Jóhann: Já, hann var svo blár að það var strax farið að skoða hann nánar.
Gróa: Ég hafði fengið meðgöngusykursýki og þess vegna var læknir viðstaddur fæðinguna og hann sá þetta strax. Við fórum svo með hann fimm daga gamlan út til Boston í fyrstu aðgerðina.

Og hvernig var að rjúka þannig út og skilja þrjú börn eftir heima?

Gróa: Maður náði varla að hugsa neitt. Þetta gerðist allt svo hratt. Hinir krakkarnir fóru strax í pössun hjá foreldrum mínum. Við fórum bæði með Jakobi Leví út og var fyrst sagt að þetta tæki sirka tíu daga. Svo dróst það alltaf lengur og lengur og þetta urðu á endanum þrjár vikur sem við vorum í Boston.
Jóhann: Já, það var svolítið erfitt að vera búinn að stilla sig inn á að koma aftur heim eftir tíu daga, en svo bættist alltaf við tímann. Jakob var líka mjög lasinn eftir aðgerðina. Hann fékk einhverja sýkingu í meltingarfærin og kviðarholið bólgnaði upp. Það tengdist ekkert hjartanu í rauninni, en ástandið var svolítið krítískt um tíma. Þessi fyrsta aðgerð var bráðabirgðaaðgerð og næst fórum aftur út með hann sex mánaða gamlan.

Vissuð þið allan tímann að svo yrði?

Gróa: Já, okkur var sagt það strax. Það þurfti að skipta um þessa æð og það var ekki hægt að gera það í svona nýfæddu barni. Þess vegna var þess bráðabirgðaaðgerð látin duga uns hann væri orðinn nógu gamall til að þola æðaskiptin.

Og hvernig leið ykkur í þessu öllu saman; búin að ganga í gegnum miklu vægari hluti með Guðnýju nokkrum árum áður?

Jóhann: Við vorum eiginlega mjög róleg yfir þessu. Við spurðum læknana strax að því hvort drengurinn væri í mikilli lífshætttu og þeir töldu svo ekki vera, ef allt gengi eins og það ætti að gera. Ástandið á drengnum væri alveg viðráðanlegt. Þetta er víst mjög algengur hjartagalli, þótt hann sé stór og mikill.

Þótti ykkur vel hugsað um ykkur í Boston?

Gróa: Já, mjög vel. Og batteríið hérna var ekki síðra, Tryggingastofnunin, Útlendingaeftirlitið og læknarnir okkar. Þeir sáu alveg um þennan pakka fyrir okkur. Okkur var bara sagt að pakka niður í tösku og þeir græjuðu afganginn.

Og hvernig kom svo Neistinn inn í þetta hjá ykkur?

Jóhann: Það var nánast alveg um leið og við komum heim eftir fyrstu ferðina að við fengum styrk frá Neistanum.

Vissuð þið um Neistann áður en þið fóruð út?

Gróa: Já, Gulli læknir var búinn að gera það. Svo feng-

Drangey
Smáralind
www.drangey.is

KOLA PORTIÐ

FJÖLSKYLDU- OG HÚSDÝRAGARÐURINN

um við að ræða við Báru hjúkrunarfræðing, sem sagði okkur einnig frá Neistanum og við skráðum okkur strax í hann. Okkur fannst mikill stuðningur í félaginu alveg frá byrjun. Mér fannst sérstaklega gott að fara í mömmuklúbbinn sem Bára stóð fyrir og kynnast öðrum foreldrum barna með hjartagalla.

Hvað segir pabbinn um slíkan klúbb; þyrfti ekki að vera til pabbaklúbbur?

Jóhann: Það hefur verið reynt að stofna pabbaklúbb en einhvern veginn ekki tekist. Kannski er það vegna þess að það lendir meira á mæðrunum að annast langveik börn en feðrunum. Ég segi fyrir mig að mér þætti gaman að hitta aðra pabba hjartveikra barna, en verð að játa um leið að ég hef ekki mikinn tíma í slíkt.

Fjölskylda með tveimur hjartabörnum, fv. Ármann, Gróa Jónsdóttir, Jakob Leví, Guðný, Aron Örn og Jóhann Grétarsson.

Gróa: Svo höfum við líka getað stutt foreldra sem hafa verið að ganga í gegnum svipaða hluti á eftir okkur. Við fórum heim til hjóna áður en þau fóru út í fyrsta skipti og gátum lýst þessu fyrir þeim. Ég held að slíkt sé mjög gott fyrir fólk, að það fari þá ekki út í einhverja óvissu og finnist það ekki vita neitt um hvað bíði þess. Bára hjúkrunarfræðingur undirbjó okkur, það var hennar hlutverk áður en hún lét af störfum á barnadeildinni. Mér fannst það rosalega gott.

Og hvað svo? Er allt bara allt í þessu fína?

Jóhann: Ja, það gengur allt mjög vel hjá Jakobi núna. Það þarf að fylgjast vel með þessarri æð sem skipt var um og hann er stöðugt undir eftirliti. Það er vitað að æðin mun dragast saman með tímanum, en hins vegar er misjafnt hversu hratt það gerist hjá hverjum og einum. Bjartsýnustu spár ganga út á að það þurfi ekki að skipta aftur um æð fyrr en Jakob verður tíu ára gamall, en við búumst alveg eins við því að það verði fyrr.

Gróa: Þetta er þó ekkert sem veldur okkur kvíða. Við vitum alveg hvað það er sem bíður okkar í þessu sambandi.

Jóhann: Svo er reyndar sagt að þegar að þessu kemur muni ekki þurfa að opna brjóstholið, tæknin verði orðin það miklu fullkomnari að hægt verði að skipta um æðina án þess.

Hefur þetta haft áhrif á afkomu ykkar?

Jóhann: Nei, okkur hefur þótt kerfið virka mjög vel.

Gróa: Oft heyrast neikvæðar raddir um heilbrigðisþjónustuna og ekki síst Tryggingastofnun ríkisins, en þegar við þurftum til dæmis á vissum pappírum að halda tafarlaust frá þeirri síðarnefndu þegar við fórum út þá var opnað fyrir okkur sérstaklega eftir lokun og við afgreidd úti á götu. Og sama gerðist með vegabréfin, það var opnað fyrir okkur eftir lokun hjá sýslumanni og við fengum þau. Svo þetta hefur allt gengið mjög vel hjá okkur.

Jóhann: Barnaspítalinn í Boston er líka alveg frábær og öll aðstaða eins góð hægt er að hugsa sér. Foreldrar geta verið með barninu sínu allan sólarhringinn ef þeir vilja og maður fær að vita um allt sem er í gangi, til dæmis er komið reglulega til manns á meðan aðgerðin á barninu stendur yfir og sagt frá framvindu hennar. Og þarna starfar íslenskur hjúkrunarfræðingur sem hægt að fá til að túlka fyrir sig, þótt við þyrftum svo sem ekkert á því að halda. Svo er hótelið bara hinum megin við götuna, veitingahús og allt sem maður þarf á að halda. Og það er auðvelt að hafa samband við fólkið sitt heima á Íslandi, nettengingar úti um allt á spítalanum. Við héldum úti heimasíðu, og gerum reyndar enn, þannig að allir gátu fylgst með gangi mála frá degi til dags.

Hvernig leið systkinum Jakobs Levís á meðan þið voruð úti?

Gróa: Þau voru aðallega spennt fyrir því að fá að sjá hann eftir fyrsta skiptið. Vegna fæðingargallans höfðu þau ekki fengið það áður en við fórum út. Svo þegar við komum aftur heim var Jakob lagður beint inn á deild, þar sem hann lá í viku. Hann varð mjög veikur í flugvélinni á leiðinni til baka, en þá var Gulli hjartalæknir með okkur svo við höfðum engar áhyggjur. Sjálfsagt hefði okkur ekki litist á blikuna ef við hefðum verið ein með strákinn.

Horfið þið björtum augum til framtíðarinnar?

Gróa: Já, við gerum það. Læknarnir segja að Jakob Leví eigi eftir að geta lifað fram á gamalsaldur eins og allir aðrir.

GV Gröfur
Óseyri 2 • 603 Akureyri • Sími 462 5700
Fax 462 5701 • Kt. 500795-2479

HÚSIÐ FASTEIGNASALA
- heilshugar um þinn hag -
Sími 513 4300

ÍSLENSK ERFÐAGREINING

Tvö ömmuhjartabörn

Óvæntir hlutir gerast. Við erum ekki undir þá búin, en við getum ekki heldur hlaupist frá þeim þegar þeir koma til okkar. Þeir hverfa ekki við það, hversu mikið sem við vildum og óskum þess. Það verður að takast á við þá, en það er alls ekki auðvelt. Þeir valda manni ótta og vanlíðan, en við öðlumst líka styrk til að fást við það óvænta.

Lífið er verkefni sem hver einstaklingur fær í hendur og reynir að leysa eftir bestu getu og við getum svo sannarlega glaðst þegar vel tekst til.

Barnabörnin okkar eru sjö. Mig langar að deila með ykkur hugleiðingum vegna þeirra tveggja sem þurft hafa að gangast undir aðgerð vegna hjartasjúkdóma og við hvaða aðstæður sjúkdómurinn kemur í ljós á öðru þeirra. En þau eru systkini.

12. júlí 1991. Guðný Sif

Það er fallegur sumardagur, komin miður júlí. Þegar þessi saga gerist búum við afi í tvíbýlishúsi í Garðabæ og Linda, yngri dóttir okkar með sína fjölskyldu, á neðri hæðinni. Það voru því ófáar ferðirnar sem barnabörnin áttu til ömmu og afa líkt og þennan dag. Eldri dóttirin, Gróa er komin í heimsókn með litlu börnin sín tvö. Svo það var hlaupið um í garðinum og stansað við sandkassann sem alltaf var vinsæll.

Það er föstudagur og klukkan að verða þrjú síðdegis. Ég þurfti að komast í verslun inni í Reykjavík og það var vinsælt að fá að fara með ömmu í smábíltúr. Börnin voru reyrð niður með bílbeltunum, og Gróa ákvað að koma með og litla Guðný Sif, þriggja mánaða. Þegar við komum að gatnamótum Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar stönsum við þar sem rautt ljós logaði á okkur. Eftir smástund breytast ljósin og við tökum á stað á grænu ljósi og ætlum okkur að halda áfram yfir gatnamótin. Þegar við erum komin hálfa leið yfir skellur á okkur bíll á töluverðri ferð og lendir á miðjum bíl okkar. Við urðum auðvitað skelfingu lostin yfir þessu og ég varð mjög áhyggjufull yfir börnunum sem með mér voru í bílnum. Ung stúlka, sem hafði misst eitthvað niður á gólfið í bílnum sínum, hafði haldið áfram að keyra yfir gatnamótin og ekki hugað að því að ljósin leyfðu henni ekki að keyra á stað. Því fór sem fór.

Lögreglan kom og sjúkrabílar. Gróa og litla Guðný Sif fóru á barnadeildina á Landakoti en ég með hin börnin á slysadeild Borgarspítalans. Og bíllinn dreginn ónýtur af vettvangi. Að skoðun lokinni á slysadeild fengum við að fara heim þar sem enginn meiðsl voru sjáanleg en hárið þeirra var þakið af rúðubrotum þar sem rúðan hafði brotnað yfir þau.

Eftir Sigríði Kjartansdóttur

Ég dreif mig síðan strax vestur á Landakot til að huga að Gróu og Guðnýju Sif. Hún var þar í skoðun hjá góðum barnalæknum sem sögðu að ekkert væri að henni vegna árekstursins. En þeir voru ekki ánægðir með aukahljóð sem þeir greindu í hjartanu. Svo það var ákveðið að fá Hróðmar hjartalækni til þess að óma hjartað hennar daginn eftir.

Niðurstaðan af þeirri rannsókn leiddi í ljós að hún var með opna fósturæð (patent foramen ovale), sem venjulega ætti að lokast sjálfkrafa á fyrsta sólarhring eftir fæðingu. Ákveðið var að gera uppskurð á henni sem fram skyldi fara þegar hún væri fimm mánaða gömul. Sá tími kom um miðjan október. Til að dreifa huganum, drifum við okkur öll fjölskyldan í sumarbústað helgina áður en hún var skorin. Aðgerðin tókst mjög vel.

Þegar ég leysti foreldrana af við að vaka yfir henni horfði ég á þessa litlu stúlku, sem ekki var nema fimm mánaða gömul, og mér fannst hún strax vera svo sterk og sýna þá lyndiseinkunn sem hún ber í dag. Ákveðin, þolinmóð og góður einstaklingur sem veit hvað hún vill. Í dag er hún að verða 16 ára gömul, yndislegur einstaklingur sem svo sannarlega hefur hjálpað foreldrum sínum ásamt systkinum sínum með litla bróður sem sagt verður frá hér á eftir.

19. október 2004. Jakob Leví

Von er á litlum einstaklingi í heiminn þá og þegar. Við búin að gera ráðstafanir til að vera viðbúin kallinu þegar að því kemur til að vera hjá börnunum.

Og það kom kl. 03:00 aðfaranótt 19. október 2004. Þá hringir Gróa og tilkynnir að nú sé tíminn kominn. Við afi drifum okkur á fætur og flýttum okkur heim til þeirra. Börnin voru sofandi og Gróa var flutt í sjúkrabíl á fæðingardeildina. Við reyndum að leggja okkur, en lítið varð um svefn. Um fimmleytið hringdi Gróa og sagði okkur að lítill drengur væri fæddur, en það hefði þurft að flytja hann á vökudeildina, hann væri eitthvað máttfarinn. Eg óskaði henni og þeim til hamingju. En eitthvað truflaði þetta mig og ég fékk á tilfinninguna að eitthvað væri að.

Um kl. 07:00 hringdi Gróa aftur. Hún var grátandi og tjáði okkur að litli drengurinn þeirra væri með alvarlegan hjartagalla sem nefnist á fagmáli „Transposition of Great Vessels“.

„Gróa mín,“ sagði ég, „þetta er verkefni sem okkur eru færð og við þurfum að takast á við með hjálp Guðs“.

Að viku liðinni voru þau komin með litla drenginn sinn út til Boston á Children´s Hospital í fylgd læknis og hjúkrunarfræðings. Ennþá höfðum við ekki fengið að sjá hann öðruvísi en á myndum, sem teknar voru á vökudeildinni.

Þegar að þetta gerist erum við afi að bíða eftir að fá nýja

Amman og hjartabarnabörnin: Sigríður með Jakob Leví og Guðnýju Sif.

íbúð afhenta þar sem við vorum flutt úr Garðabænum. Við höfðum keypt nýja íbúð uppi við Elliðavatn sem við áttum að fá afhenta í lok nóvember. Vorum við því inni á heimili yngri dóttur okkar sem hafði ávallt búið á neðri hæðinni í húsinu okkar beggja í Garðabænum, en fjölskylda hennar var þá nýflutt í nýtt og stórt parhús rétt við Elliðavatn.

Skyndilega vorum við komin með þrjú eldri börnin þeirra Gróu og Jóhanns, sem við tókum að okkur að sjá um. Svo við settum á fjölskylduráðstefnu til að ákveða framhaldið. Niðurstaðan varð að börnin og við yrðum öll saman á heimili dóttur okkar; Lindu og Bjarna, og sameiginlega myndum við hjálpast að með þetta stóra heimili sem varð staðreynd á einni nóttu.

Og þar með vorum við orðin tíu í heimili. Linda í fullu námi í Kennaraháskólanum og við afi í fullu starfi, ég á Landspítalanum og hann í Þorlákshöfn. Bjarni maður Lindu var um þessar mundir staddur í Kína við störf á vegum Atlanta flugfélagsins. Við tókum okkur frí til skiptis frá vinnunni og skiptum með okkur öllum verkum er þurfti að sinna á stóru heimili, sem og keyrslu á börnum fram og til baka í skóla. Frændsystkinin eru öll á svipuðum aldri og nutu félagskapar hvers annars svo allt gekk þetta mjög vel upp. Og dásamlegt að geta verið svona saman þegar á þurfti að halda.

Það var fastur liður að opna tölvupóstinn á morgnana svo hægt væri að lesa nýjustu fréttir frá Boston. Yfirleitt hringdum við svo út á kvöldin. Krakkarnir gátu sjálfir verið í tölvupóstsambandi við foreldra sína svo þetta létti allt biðina. Tilfinningalega fann maður að þau voru mjög spennt. Við reyndum alltaf að tala opinskátt um hvað væri framundan og útskýra hlutina eins og við best gátum. Við gættum þess að hvíslast aldrei á, eins og að það liti út fyrir að þau mættu ekki heyra. Það besta sem við gátum gert, og gerðum, var að fela Guði allan okkar ótta og leggja líf litla Jakobs Levís í hendur Drottins og biðja fyrir öllu því góða fólki sem var að sinna honum og foreldrum hans.

Það var gleðistund mánuði seinna, þegar Jakob Leví kom aftur til Íslands. Þá fengum við að sjá hann í fyrsta sinn augliti til auglitis. Jakob Leví fór aftur til Boston sex mánaða gamall. Og ef að líkum lætur verða ferðirnar hans fleiri. Hvenær er ekki vitað.

En þessi litli stubbur er svo sterkur í dag og ótrúlega duglegur. Það hefur verið vel um hann hugsað og þegar maður horfir í augun hans og sér brosið færast yfir andlitið, finnur maður til óendanlega mikils þakklætis yfir því hve vel hefur gengið.

Það er aldrei sjálfgefið að barn fæðist heilbrigt. Við bara gerum ráð fyrir því að þannig sé það. Þegar annað kemur í ljós þá verður maður svo ósköp lítill og máttvana. En Guð er okkur öllum nálægur ef við þiggjum nærveru hans og hjálp.

GlaxoSmithKline
actavis hagur í heilsu
mest – allt til byggingar

Og þá var kátt í Keiluhöllinni

Loksins hefur unglingastarfi Neistans verið hrundið af stað, en slíkt hefur lengi staðið til. Ég var beðinn um að annast það þar sem ég veit af eigin raun hvað er að vera hjartveikt barn og unglingur.

Við mættum í Keiluhöllina laugardaginn 24. febrúar síðastliðinn, stundvíslega klukkan 16.00 og spiluðum keilu og borðuðum pizzu. Allir skemmtu sér vel og sýndu snilldartakta. Þakka ég fyrir góðan dag og hlakka til að hitta ykkur aftur.

Ég veit af eigin reynslu hversu mikilvægt svona starf er, þar sem langveik börn fara á mis við ýmislegt vegna þess að þau geta ekki fylgt jafnöldrum sínum eftir í leikjum og störfum. Það er von mín að þetta starf megi dafna og þróast. Ég vil hvetja unglingana okkar til að fylgjast vel með framhaldinu og endilega mæta, svo við getum byggt upp gott og ánægjulegt samstarf sem er nauðsynlegt fyrir okkar framtíð.

Ef þið eruð með einhverjar óskir eða hugmyndir um starfið þá er um að gera að koma þeim á framfæri við Neistann.

Kveðja, Björgvin Sigurðsson.



Viðburðadagatal Neistans 2007

14. apríl	Unglingastarf – Undir leiðsögn Björgvins Sigurðssonar.
10. maí	Mömmuklúbbur – Síðumúla 6 – kl. 20.00.
24. maí	Aðalfundur – Síðumúla 6 – kl. 20.00.
9. júní	Unglingastarf – Óvissuferð – kl. 14.00. Undir leiðsögn Söndru Franks og Björgvins Sigurðssonar.
8. júlí	Sumarhátíð Neistans, nánar auglýst síðar.
9. ágúst	Mömmuklúbbur – Síðumúla 6 – kl. 20.00.
30. september	Hjartagangan í samstarfi við Hjartaheill í Reykjavík.
5.–7. október	Norðurlandaþingið haldið á Íslandi. Undir stjórn formanns Guðrúnar Bergmann.
11. október	Mömmuklúbbur – Síðumúla 6 – kl. 20.00
1. desember	Jólaball í Seljakirkju kl 15.00 Síkáta hljómsveitin SÍBS–bandið heldur uppi fjörinu.
13. desember	Mömmuklúbbur – Síðumúla 6 – kl. 20.00

Birt með fyrirvara um mögulegar breytingar. Ýmsar fleiri uppákomur eru fyrirhugaðar í ár, svo sem ferð í húsdýragarðinn, en þær verða ákveðnar með hliðsjón af veðurfari og því auglýstar þegar nær dregur. Nánari upplýsingar er einnig alltaf hægt að fá á skrifstofu Hjartaheilla í síma 552 5744.

Rokkað fyrir hjartað

Þann 10. febrúar síðastliðinn héldum við tónleika á Sportclub í Breiðholti til styrktar Neistanum undir yfirskriftinni: Rokkað fyrir hjartað.

Eigandi staðarins var svo elskulegur að leyfa okkur að halda þessa tónleika okkur að kostnaðarlausu. Fimm hljómsveitir komu fram og gáfu allar vinnu sína til styrktar málefninu: Dimma, Foreign Monkeys, Noise, Perfect Disorder og Helshare.

Margt gott fólk hjálpaðist að við að gera tónleikana að veruleika og ég vil þakka því fyrir allan stuðninginn. Einnig var Visa á Íslandi svo elskulegt að gefa okkur posavél fyrir tónleikana.

Þarna söfnuðust 108.581 krónur, sem hlýtur bara að teljast nokkuð gott!

Með kveðju
Birna Árnadóttir,
tónleikahaldari og stóra systir hjartabarns.

Góa-Linda

.....Neistinn þakkar fyrir stuðninginn

Reykjavík
Aðal Tannsmíðastofan
Allt í einu, sölutum
Alþýðusamband Íslands
Antikmunir
Apparat ehf.
Apple IMC á Íslandi
Arev verðbréfa-fyrirtæki hf.
Argos ehf.
- Arkitektastofa Grétars og Stefáns
Arkidea ehf.
Arkitektastofan Úti og inni sf.
Aseta ehf.
Asía hf.
ASK Arkitektar ehf.
Atvinnuhús ehf.
- Fasteignasala
Auglýsingastofan ENNEMM ehf.
HN - Markaðs-samskipti ehf.
Auglýsingastofan Korter
Austurbæjarskóli
Áfengis- og tóbaks verslun ríkisins.
Árbæjarapótek ehf.
Ársól í Grímsbæ
B.S.smíði ehf.
Backmann & Björgvinsson Lögmannsstofa
Badmintonsamband Íslands
Bakarameistarinn hf.
Bandalag háskólamanna
Barnatannlækna-stofan ehf.
Bergplast ehf.
Betri bílar ehf.
Beyki ehf.
BGH réttingar
Bifreiðabyggingar sf.
Bifreiðaverkstæði Grafarvogs ehf.
Bílaberg sf.
Bílabúð Benna
BílaGlerið ehf.
Bílahöllin
- Bílaryðvörn hf.
Bílaleigan AKA ehf.
Bílamálun Halldórs Þ. Nikulássonar sf.
Bílamálun Pálmars ehf.
Bílamálun Sigursveins Sigurðssonar
Bílasala Íslands
Bílasmiðurinn hf.
Bílaverkstæði Jóns T. Harðarssonar
Björgun ehf.
Björnsbakarí ehf.
Blikksmiðja Gylfa ehf.
Blindrafélagið
Blómaverkstæði Binna ehf.
Boðeind ehf.
Borgarbókasafn Reykjavíkur
Borgarskjalasafn
Bókasafn Menntaskól-ans v/Sund
Bókhaldsstofan Alex
Bókhaldsþjónustan
Bólsturverk sf.
Bón-Fús
Bónus-Bón ehf.
Bráð ehf.
Breiðholtsbakarí hf.
Breiðholtsbakarí hf.
Brim hf.
Brimborg ehf.
Brimdal ehf.
Brimrún ehf.
Bros -auglýsingavörur ehf.
Brúðarkjólaleiga Dóru
BSRB
Búr ehf.
Búsáhöld og gjafavörur
Carl Bergmann
D.P. Lögmenn. Dögg Pálsdóttir hrl.
Dansrækt J.S.B.
Dansskóli Heiðars Ástvaldssonar
Davíð S. Jónsson & Co. ehf.
Deli ehf.
Devitos Pizza ehf.
Dreifing - Borgarhella
Dvalar og hjúkrunar-heimilið Grund
Dýraríkið
Dýrheimar sf. Royal Canin
E.T. Einar og Tryggvi ehf.
Ecco á Íslandi
Efling stéttarfélag
Efnalaug Árbæjar ehf.
Egill Árnason hf.
Eignamiðlunin ehf.
Einingaverksmiðjan ehf.
Endurskoðun Hjartar Pjeturssonar ehf.
Endurskoðun Péturs Jónssonar ehf.
Endurvinnslan hf.
Engey ehf. heildverslun
Ernst & Young
Exís ehf.
Faktoria ehf.
Fasa- Föt ehf.
Fasteignafélagið Stoðir hf.
Fasteignakaup ehf.
Fasteigna-markaðurinn ehf.
Fasteignamiðlun Grafarvogs ehf
Fasteignasalan Garður
Faxaflóahafnir
Ferðafélag Íslands
Ferðaskrifstofa Harðar Erlingsonar -Naturreisen ehf.
Ferðaskrifstofan Atlantik ehf.
Feró ehf.
Ferskar kjötvörur hf.
Félag einstæðra foreldra
Félag íslenskra bifreiðaeigenda
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga
Félag íslenskra hljómlistarmanna
Félagsbústaðir hf.
Félagsmiðstöðin Aflagranda 40
Fiskkaup hf.
Fínka málningar-verktakar ehf.
Fjarhitun hf.
Fjölbrautaskólinn Ármúla
Fjölbrautaskólinn Breiðholti v. bókasafn
Forum Lögmenn
Fótaaðgerða- og snyrtistofa Eddu
Fótaaðgerðastofa Óskar og Helgu
Framsóknarflokkurinn
Frjálsíþróttasamband Íslands
Frysti- og kæliþjónustan
G. Hannesson ehf.
G.B. Tjónaviðgerðir ehf.
Gagnaeyðing ehf.
Gallabuxnabúðin - Kringlunni
Gallerí Fold
Garðar og Vélar ehf.
Garri ehf.
Gasco ehf.
Gátun ehf.
Geitaberg ehf.
Gerpir ehf.
Gilbert úrsmiður Laugavegi 62
Gítarskóli Ólafs Gauks
Gjögur hf.
Gleraugnabúðin
Gleraugnasmiðjan ehf.
Glófaxi ehf. blikksmiðja
Gluggasmiðjan ehf.
Grillhúsið Tryggvagötu
Grillturninn ehf.
Grænn kostur ehf.
Guðmundur Arason ehf. Smíðajárn
Guðmundur Jónasson ehf.
Guðrún ehf. Tískuverslun
Gull & silfur hf.
Gullkistan
Gullsmiðurinn í Mjódd
Gullsmíðaverkstæði Hjálmars Torfasonar
Gústaf Þór Tryggvason hrl.
Hafgæði sf.
Hageyri ehf.
Halldór Jónsson ehf.
Hamraskóli Grafarvogi
Handknattleikssamband Íslands
Happdrætti D.A.S.
Happdrætti Háskóla Íslands
Harald og Sigurður hf.
Harðviðarval ehf.
Háfell ehf.
Hár- og snyrtihús Onix
Hárfinnur ehf.
Hárgreiðslustofa Brósa
Hárgreiðslustofa Heiðu
Hárgreiðslustofan Effect
Hárgreiðslustofan hármiðstöðin
Hárgreiðslustofan Jói og félagar
Hárgreiðslustofan Krista
Hársaga Radison SAS
Hársnyrtistofa Dóra
Hársnyrtistofan Aida
Hársnyrtistofan Dalbraut
Hársnyrtistofan Greifinn
Hársnyrtistofan Klippótek
Hársport
Háskólinn í Reykjavík
Heilsubrunnurinn ehf.
Heimilislæknastöðin ehf.
Heimilisprýði ehf.
Heitar íslenskar samlokur ehf
Henson Sports Europe á Íslandi hf.
Hið íslenska biblíufélag
Hið íslenska bókmenntafélag
Hilti ehf.
Himinn og haf ehf.
Hjálparstarf kirkjunnar
Hjálpræðisherinn á Íslandi
Hljóðfæraverslun Pálmars Árna
Hollt og Gott ehf.
Hópferðaþjónusta Reykjavíkur
Hótel Frón
Hótel Leifur Eiríksson ehf.
Hótel Reykjavík hf.
Hótel Vík
Hraði ehf. fatahreinsun
Hreyfill - Bæjarleiðir
Hringrás hf.
Hrói Höttur
HS-Smíðar ehf.
Hugmót ehf.
Hundahótelið að Leirum
Húsaklæðning ehf.
Húsalagnir hf.
Húsasmiðurinn ehf.
Húsun ehf.
Hvellur G. Tómasson ehf.
Hverfisbarinn ehf.
Höfðakaffi ehf.
Höfðasel ehf.
Höfði fasteignamiðlun ehf.
Hönnunar og Listamið-stöðin, Ártúnsbrekku
Hörganes ehf.
Iceland Seafood International
Icelandic Group
Ingimundur hf.
Innheimtustofnun sveitarfélaga
Internet á Íslandi hf. - ISNIC
ISS Ísland ehf.
Ímynd ehf.



„Ég á góðan vin sem heitir Guðmundur Karl Guðmundsson. Hann og konan hans, María Guðjónsdóttir, eignuðust stúlku með hjartagalla. Hún heitir Íris María og er 5 ára. Ég hef fylgst náið með baráttu fjölskyldunnar og sá fljótlega hversu vel Neistinn studdi við bakið á þeim. Þess vegna styð ég Neistann af fremsta megni og þykir heiður að því að vera verndari styrktarfélags hjartveikra barna og aðstandenda þeirra.“

Eiður Smári Guðjohnsen

Samstarf í litlum heimi

Viðtal: Páll Kristinn Pálsson

Það var þann 31. janúar síðastliðinn að samningur var undirritaður á milli Eimskips annars vegar og Neistans og Umhyggju hins vegar um að fyrir hvert mark sem knattspyrnukappinn Eiður Smári Guðjohnsen skorar á yfirstandandi leiktíð fyrir félag sitt Barcelona í spænsku deildinni muni fyrirtækið veita Neistanum 500.000 kr. styrk og fyrir hvert mark sem hann skoraði í meistaradeild Evrópu fengi Umhyggja 1.000.000 kr. í styrk. Eiður skoraði mark fyrir Umhyggju í síðasta leik Barcelona í meistaradeildinni, svo spennan snýst um hvað hann á eftir að skora mörg mörk fyrir Neistann áður en tímabilinu lýkur þann 1. júlí næstkomandi.

„Eimskip ákvað á árinu að efna til samstarfs við knattspyrnukappann Eið Smára Guðjohnsen á sviði kynningar- og markaðsmála," segir Heiðrún Jónsdóttir, framkvæmdastjóri starfsþróunar- og samskiptasviðs fyrirtækisins þegar við spyrjum hana um hugmyndinna að baki þessu framtaki. „Samstarfið felst í því að Eiður leikur í auglýsingum fyrir félagið auk þess að taka þátt í innra markaðsstarfi félagsins. Auglýsingarnar voru teknar upp í byrjun mars í Barcelona og í þeim öllum eru spænskir leikarar, auk Eiðs Smára. Hver þeirra er lítil saga sem fjallar um hversu lítill heimurinn sé. Persónurnar, sem eru af ýmsum toga og á ýmsum stöðum, ræða saman um einhver atvik sem tengjast Eiði Smára. Í sama bili birtist hann þeim í eigin persónu og einhver lætur þau orð falla hve heimurinn sé nú lítill. Það sem býr að baki þessu er sú staðreynd að Eimskip er núna með 163 starfsstöðvar í 21 landi - en áfangastaðirnir eru mun fleiri. Um 9500 manns starfa hjá félaginu úti um allan heim. Við lítum því svo á að heimurinn sé í raun lítill þegar kemur að flutningum."

Verðugt málefni

Heiðrún segir Eimskip hafa í gegnum tíðina verið duglegt við að styrkja hin margvíslegustu málefni. „En þegar ég tók við samskiptasviði félagsins í desember síðastliðnum fór ég að endurskoða með mínu fólki á hvaða sviðum við vildum vinna og hversu sýnileg við vildum vera. Niðurstaða okkar var sú að vinna á færri sviðum en áður, en vera hins vegar enn sýnilegri þar sem við erum. Við munum því í framtíðinni einbeita okkur að góðgerðarmálum annars vegar og íþrótta- og forvarnarstarfi hins vegar.

Á þessum tíma vorum við að vinna með Eggerti Skúlasyni, sem starfað hefur fyrir Hjartaheill og aðstoðar Eið Smára í samningamálum hans, og þá fannst fólki alveg tilvalið að tvinna þessi málefni saman. Eiður Smári vill líka sjálfur styðja við barnastarf þannig að þetta small allt saman. Hugmyndin um að greiða fyrir hvert mark Eiðs Smára kom frá Eggerti. Okkur öllum fannst hún það góð að við vorum ekkert að velta henni lengi fyrir okkur, heldur hrintum henni í framkvæmd. Núna vitum við hvernig útkoman varð fyrir Umhyggju, sem fékk eina milljón og mun hún án efa koma sér vel fyrir einhverja aðstandendur innan þeirra samtaka. Enn er markareikningurinn opinn fyrir Neistann og við vonum bara að Eiður eigi eftir að skora sem flest mörk í spænsku deildinni það sem eftir lifir leiktíðarinnar. En hvernig svo sem fer munum við alltaf greiða sem samsvarar einu marki."

Frá undirritun samningsins. Ragna Marínósdóttir, framkvæmdastjóri Umhyggju, Heiðrún Jónsdóttir, framkvæmdastjóri starfsþróunar- og samskiptasviðs Eimskips og Guðrún Bergmann Franzdóttir, formaður Neistans.

Þolgæði og þrautsegja

Heiðrún telur of snemmt að segja til um hvort framhald verði á þessu skemmtilega samstarfi eftir að samningstímanum lýkur þann 1. júlí næstkomandi. „En það er vissulega áhugi á einhverju slíku. Við stefnum nú að því að Eiður Smári muni í sumar hitta bæði börn starfsmanna Eimskips og skjólstæðinga Neistans og Umhyggju. Hvenær það verður nákvæmlega ræðst af því hvenær Eiður verður á landinu og hvernig við náum að skipuleggja þetta saman - og því er best að lofa engu endanlegu á þessu stigi málsins.“

Þekkirðu sjálf til hjartveikra barna?

„Nei,“ svarar Heiðrún. „Ég á hins vegar sjálf tvö börn, þau Jón Hallmar sem er níu ára og Heiðveigu Björgu er eins og hálfs árs. Blessunarlega hafa þau verið heilsuhraust og get ég seint þakkað fyrir það. Ég þekki hins vegar til foreldra sem hafa verið með langveik börn, þó ekki væru þau hjartaveik. Ég veit því að það þarf þolgæði og þrautseigju til að láta ekki bugast á þeim tímum þegar veikindin og óvissan eru hvað mest. Þá er ekki gott að þurfa að glíma við fjárhagsáhyggjur að auki. Þess vegna er starf samtaka á borð við Neistann og Umhyggju svo óendanlega mikilvægt og við hjá Eimskip viljum gera það sem við getum til að liðsinna þeim.“

Frá tökum í Barcelona með Eiði Smára fyrir Eimskip í nýrri auglýsingaherferð fyrirtækisins undir yfirskriftinni: Lítill heimur.

olís
LÝSING
BÓNUS

.....Neistinn þakkar fyrir stuðninginn

Ísbúð Vesturbæjar ehf.
Reykjavík
Ísbúðin Fákafeni 9
Ísgraf ehf.
Íslandsferðir hf.
Íslandspóstur hf.- markaðs- og kynningadeild
Íslensk endurskoðun ehf.
Íslenska lögregluforlagið
Ísloft blikk- og stálsmiðja ehf.
Íþróttafélag fatlaðra í Reykjavík
J. Eiríksson ehf.
J.Ó. Verktakar ehf. - Vatnasport.is
J.S. Gunnarsson hf.
Jarðvélar ehf.
JBS ehf.
Jóhannes Long ljósmyndari
Jón Ásbjörnsson hf. heildverslun
Jónar Transport hf.
K. Pétursson
Kaffi Hljómalind
Kaffi stræto
Kandís
Kapalþjónustan
Karl K. Karlsson hf.
Kassagerðin hf.
Kaupþing banki hf.
Kemis ehf.
Kjötborg ehf.
Kjöthöllin Skipholti 70
Knattspyrnusamband Íslands
Kornax ehf.
Kórall sf.
Krabbameinsfélag Íslands
Kraftur hf.
Kramhúsið
Kreditkort hf. Europay
Kvik hf. Almenn kvikmyndagerð
Kvikk þjónustan
Kögun hf.
Landssamband hestamannafélaga Laugardal
Láshúsið ehf.
Leikskólinn Hamraborg
Leikskólinn Völvuborg
Litir og föndur - Handlist ehf.
Litla bílasalan Einhöfða 11
Lífland
Lífstef ehf.
Lífstykkjabúðin ehf.
Línan ehf.
Ljósmyndastofa Gunnars G. Vigfússonar
Ljósmyndastofa Þóris
Ljósmyndir Rutar
Lýsi hf.
Læknasetrið sf.
Lögfræðiskrifstofa Hauks Bjarnasonar
Lögfræðistofa Kristjáns Stefánssonar
Lögmannsskrifstofan Fortis ehf.
Lögmannsstofa Jóns Halldórssonar hrl.
Lögmenn Höfðabakka ehf.
Lögskil ehf.
Lögþing ehf.
Löndun ehf.
Magnús og Steingrímur ehf.
Málarameistarafélag Reykjavíkur
Málningarvörur ehf.
MÁS ehf.
Menntaskólinn í Reykjavík v/ bókasafns
Mentis hf.
Merking Skiltagerð ehf.
Miðaprentun ehf.
Miðbæjarhársnyrtistofan
Miðgarður þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness
Moinichen ehf.
Múli réttingar og sprautun ehf.
Múr- og málningarþjónustan Höfn ehf.
Múrarameistarafélag Reykjavíkur
Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur
Nói Sírius hf.
Nýi ökuskólinn ehf.
Nýja Teiknistofan hf.
Nærmynd
Olíudreifing ehf.
Optimar Ísland ehf.
Orkulind
Ottó auglýsingastofa ehf.
Ottó B. Arnar ehf.
Ó. Johnsson & Kaaber ehf.
ÓG Bygg ehf.
Ólafur G. Gústafsson hrl.
Ólafur Loftsson
Óm snyrtivörur
P.S. rétting
Parlogis hf.
Páll Andrés Andrésson
Petrína Rós Karlsdóttir Löggiltur skjalaþýðandi
Pipar og salt
Pípulagnaverktakar ehf.
PK Arkitektar ehf.
Poulsen ehf.
PS Ráðgjöf
R.J. Verkfræðingar ehf.
Rafstilling ehf.
Rafteikning hf. Verkfræðistofa
Raftækjaverslun Íslands hf.
Raftæknistofan hf.
Raftækniþjónusta Trausta ehf.
Rafvakinn sf.
Ragnar Aðalsteinsson og Sigríður Júlíusdóttir Lögmenn
Rakarastofan sf.
Rannsóknastofa í lyfja- og eiturefnafræði H.Í.
Reiknistofa bankanna
Reki hf.
Renniverkstæði Ægis
Réttarholtsskóli
Réttingaverk ehf.
Rolf Johansen & co. ehf.
RST net ehf.
RT ehf. - Rafagnatækni
S. Magnússon vélaleiga ehf.
S.Í.B.S.
Sagtækni ehf.
Samhjálp Hvítasunnumanna
Securitas hf.
Seðlabanki Íslands
Seljakirkja
SFR - Stéttarfélag í almannaþjónustu
Shalimar
Sigvaldi Snær Kaldalóns
Sjálfsbjörg Landssamband Fatlaðra
Sjón Gleraugnaverslun ehf.
Sjúkraþjálfun Ártúnshöfða sf.
Sjúkraþjálfun Héðins ehf.
Skattur og bókhald
Skipamálning ehf.
Skolphreinsun Ásgeirs
Skólabrú
Skóverslunin Bossanova hf.
Skúlason & Jónsson ehf.
Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins
